



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Samþykkt um embættisafgreiðslur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

1. gr.

Framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er heimilt án staðfestingar Heilbrigðisnefndar Suðurlands að gefa út eftirfarandi starfsleyfi samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011:

- Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem talinn er upp í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit með síðari breytingum, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Skriflegar athugasemdir skulu þó berast heilbrigðisnefnd sem afgreiðir þær.
- Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi til stofnana og fyriktækja í samræmi við 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.
- Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir hönd nefndarinnar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollstu er varða matvæli með síðari breytingu og sbr. matvælalög nr. 93/1995 m.s.br. og ganga að fullu frá þeim milli funda ef skilyrðum fyrir starfsleyfi er að fullu mætt.
- Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út tóbakssöluleyfi fyrir hönd nefndarinnar skv. lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og ganga frá þeim milli funda ef skilyrðum fyrir sölu tóbaks er að fullu mætt.

2. gr.

Framkvæmdastjóri sér um að gefa sýslumannni umsagnir um rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði skv. 2. tölul. 4. mgr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 í umboði heilbrigðisnefndar samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

3. gr.

Framkvæmdastjóra er falið að svara erindum og bréfum f.h. nefndarinnar. Framkvæmdastjóri sér jafnframt um að vinna umsagnir um teikningar og skipulagstillögur frá sveitarstjórnum sem og samþykktir og gjaldskrár skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br.

4. gr.

Framkvæmdastjóri getur ávallt vísað málum skv. 1.-3. gr. til afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu framkvæmdastjóra skal hann vísa málín til afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Um mál sem orka tvímælis, t.d. umsóknir um starfsleyfi þar sem skilyrðum er ekki að fullu mætt, en mál þola ekki bið, er framkvæmdastjóra falið að afgreiða mál að höfðu samráði við formann heilbrigðisnefndar, svo framarlega sem þessir aðilar eru sammála um afgreiðsluna. Ella skal kalla saman heilbrigðisnefndarfund.

5. gr.

Framangreindar afgreiðslur framkvæmdastjóra skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi heilbrigðisnefndar.

Samþykkt á fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands 31. október 2018

The image shows five handwritten signatures in blue ink, likely belonging to the members of the executive board of Heilbrigðisnefnd Suðurlands. The signatures are: Jón, Þórhildur, Ólafur, Guðrún, and Gísli. They are arranged in two columns, with three signatures on top and two on the bottom.